

Mál nr. 77/2007
M v. bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagið h.f. v. B

Árekstur bifreiða á Túngötu eða Vesturgötu í Reykjavík þ. 27.8.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.4.2007 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12
2. Bréf Varðar Íslandstryggingar dags. 2.5.2007.

Málsatvik.

M kom á lögrelustöðina í Reykjavík þ.15.9.2006 og tilkynnti um ákeyrslu og afstungu frá ökutæki sínu á móts við Landakotsspítala þ. 27.8.2006. M sagðist hafa ekið Túngötu og allt í einu hafi köttur hlaupið þvert yfir götuna fyrir framan A og hafi hann þurft að hemla og þá hafi B ekið á A farþegi sem sagður er hafa verið í A staðfesti að köttur hefði hlaupið í veg fyrir A. Ökumaður B segist hafa ekið norður Garðastræti og beygt til vinstri niður Vesturgötu en þá hafi kærasta hans sagt að fyrrverandi sambýlismaður hennar M væri á eftir þeim og hafi ökumaður A allt í einu gefið inn farið fram úr B og síðan nauðhemlað. Ökumaður B segist hafa reynt að beygja frá og hemlað til að koma í veg fyrir árekstur en það hefði ekki tekist. M gerir kröfu um að tjón það sem varð á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V og bendir á að ekið hafi verið aftan á A og með vísan til 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 beri að fella sök á B vegna slyssins að fullu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að engin efnisleg sönnunargögn liggja fyrir í málinu, þá hafi engin skoðun farið fram á meintu tjóni á A hvorki af hálfu lögreglu né tryggingarfélaga. V bendir því á að engin leið sé að staðreyna umfang árekstursins og atvik sem aðila greinir á um. Þá telur skýringar M á skyndilegri stöðvun A ólíklegar og hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Álit.

Ekki liggur fyrir hvort eða hvaða tjón varð á A og læknisvottorð rúmum mánuði eftir atburðinn gefur takmarkaðar vísbendingar um afleiðingar árekstursins. Þá ber til þess að líta að M gefur fyrst lögregluskýrslu 20 dögum eftir áreksturinn og aðila greinir algjörlega á um tildrög árekstursins. Enfremur greinir aðila á um hvar áreksturinn á að hafa orðið. Miðað við þær aðstæður sem fyrir liggja og að virtum öllum gögnum málsins telst ekki sannað að B hafi með akstri sínum í umrætt sinn bakað sér bótaskyldu gagnvart M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 8.5. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.